

Brjóstvasi borgarfulltrúans rúmar skurðgröfu

ÉG GÆTI verið með öll mælitæki, sem menn nota við sprungumælingar hérna í brjóstvasanum, sagði Sigurður Tómasson, borgarfulltrúi Alþýðubandalagsins, þegar sprungusvæðin við Rauðavatn voru fyrst til umræðu í borgarstjórn 30. apríl 1981. Lét Sigurður drjúgt yfir því að hann, sem væri hálgildings jarð-

fræðingur, og félagar hans hlægju nú að svona.

Þessi ummæli Sigurðar voru rifjuð upp í ummælu á síðasta borgarstjórnarfundi, þegar jarðfræðingur borgarinnar hafði unnið þarna að rannsóknum að beiðni borgarverkfræðings og gert sprungukort af svæðinu, þar sem reyndust allt niður í 50 m milli sprungna.

Þegar þetta var upplýst, kom í ræðustól Davíð Oddsson, borgarfulltrúi sem er orðheppinn maður sem kunnugt er, og las upp úr greinargerð jarðfræðingsins: Grafnar voru sex prufuholur eða skurðir með Atlas-gröfu á mismunandi stöðum á svæðinu, þar sem talið var að finna mætti sprungur. Og hann bætti við:

— Jarðfræðingurinn virðist skv. þessu hafa þurft 20 tonna gröfu til að geta leitað að sprungunum. Það er nú meiri brjóstvasinn, sem borgarfulltrúi Sigurður Tómasson hefur, ef Atlas-skurðgrafa rúmast þar með meiru.



Nýja ferjan jafnvel tekin í notkun um miðjan júní

„ÞAÐ ER ekki enn búið að ganga alveg frá peningamálunum, en ég á von á að lokaákvörðun um kaup á nýju ferjunni verði tekin á aðalfundi Skallagríms hf., sem haldinn verður hér á Akranesi í dag,“ sagði Helgi Ibsen framkvæmdastjóri þegar Morgunblaðið innti hann eftir kaupum á nýrri ferju í stað Akraborgar. Helgi sagði að með bjartsýni

mætti reikna með að nýja ferjan kæmi til landsins uppúr miðjum júní og yrði hún þá strax tekin í notkun. „Það er ákaflega mikið að gera hjá okkur, nema hvað fólk hefur ekki áttað sig almennilega á kvöldferðunum, sem eru á föstudags- og sunnudagskvöldum, klukkan 20.30 frá Akranesi og klukkan 22.00 frá Reykjavík.“



Frá sýningu á munum eftir eldri borgara í Reykjavík sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld. Morgunblaðið/Cuðjón.

„Ævintýri líkast“

— segir ellimálafulltrúi borgarinnar um sýningu á munum eldri borgara

„ÞAÐ ER ævintýri líkast að sjá hvað komið hefur út úr starfi þessa fólks í vetur,“ sagði Geirþrúður Hildur Bernhöft ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar í samtali við Morgunblaðið en nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á ýmsum munum, sem unnir hafa verið í vetur af öldruðu fólki, sem tekið hefur þátt í félagsstarfi eldri borgara í Reykjavík.

Þar hefur verið búið upp á félagsstarf ýmiss konar, námskeið, handavinnu og margvíslega þjónustu. Hafa þessi félagsstörf verið

fjölsótt. Sem dæmi má nefna að um 40 þúsund manns tóku þátt í félagsstarfinu veturinn 1980. Er nú afraksturinn af starfi eldri borgara til sýnis á Kjarvalsstöðum.

„Sjón er sögu ríkari,“ sagði Geirþrúður Hildur. „Þessi sýning,“ sagði Geirþrúður enn fremur, „sýnir það betur en annað að hjá þessu fólki, sem komið er á eftirlaunaaldurinn, koma fram hæfileikar, sem viðkomandi hefur ekki

haft hugmynd um sjálfur að hann hefði.“

Það er fólk frá sjötugsaldrinum upp í níurætt sem á muni á sýningunni en hún var opnuð sl. föstudag með því að Lúðrasveit Laugarnesskóla lék fyrir utan sýninguna. Sýningin verður opin frá kl. 14.00 til 22.00 laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. maí. Sala á munum unnum í félagsstarfinu verður að Norðurbrún 1, laugardaginn 15. maí og sunnudaginn 16. maí, frá kl. 13.00 til 18.00 báða dagana.



Íslandsmótið 1. deild
Laugardalsvöllur
í dag kl. 2
Leikur

Valur

sinn fyrsta heimaleik í sumar við

K.A.



Maður leiksins valinn af 4-manna dómnefnd beggja aðila. Verðlaun kvöldverður fyrir tvo á



Ég held þú ættir hreint ekki að missa af þessum leik

LÁGMÚLA 7.
REYKJAVÍK SÍMI 85333
SJÓNVARPSBÚÐIN

NEC

ASKUR

FINLUX

FISHER



SAMSUNG

Harpa hf